

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá minningar- og styrktarsjóðs Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 12. febrúar 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningar- og styrktarsjóðs Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar.**

### 1. gr.

Sjóðinn stofnar Jón Egill Júlíusson, fyrrverandi útgerðarmaður, frá Dalvík til minningar um eiginkonu sína, Guðfinnu Björgu Þorvaldsdóttur, frá Hrisey f. 12.2 1912, d. 6.5. 1978. Sjóðurinn skal kenndur við þau hjón eins og að framan greinir. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Aðsetur hans skal vera í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2 038 525.00 — tvær milljónir þrjátíu og átta þúsund fimmhundruð tuttugu og fimm krónur —. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Fjármunum sjóðsins, sem honum berst með arfi, gjöf eða á annan veg, skal stjórn sjóðsins ráðstafa samkvæmt skipulagsskrá þessari nema annað sé ákveðið í erfða- eða afhendingargerningi.

### 3. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt í verðtryggðum banka-reikningum, verðbréfum, fasteignum eða á annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmastan á hverjum tíma.

### 4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega einstaklinga til söngs- og tónmennta. Upphæð styrkja og fyrirkomulag styrkveitinga ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Í fyrstu stjórninni er Jón Egill Júlíusson formaður og tveir meðstjórnendur tilnefndir af honum, þeir Friðrik Þorvaldsson, Hamarsstíg 18, Akureyri og Baldur Júlíusson, Sunnubraut 17, Keflavík.

Við val stjórnar skal þess skilyrðis ávallt gætt, að í henni verði einungis ættingjar eða löglegir makar ættingja þeirra hjóna, sem sjóðurinn er kenndur við. Ennfremur að þeir hafi áhuga og nokkra þekkingu á söng og tónlist og tilgangi sjóðsins.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins velur sér jafnmarga varamenn úr þeim hópi ættmenna og/eða venslafólks, sem fyrr greinir sbr. 5. gr. Tilnefning varamanns skal samþykkt af öllum stjórnarmönnum með formlegri, staðfestri bókun, svo gild sé. Stjórnin getur breytt eða skipt um varastjórn hvenær sem hún kýs.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar og efnahagsreikning fyrir sjóðinn. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B—deild Stjórnartíðinda.